

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Skagafirði.

#### 1. gr.

Skagafjörður innheimtir gjald fyrir fráveitu og tæmingu rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla í samþykkt nr. 249/2005 um fráveitur í Skagafirði.

#### 2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald fyrir íbúðarhúsnæði skal nema 0,186% af álagningarstofni, fyrir önnur mannvirki skal fráveitugjald nema 0,275% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 3. gr.

Gjald fyrir tæmingu rotþróa skal vera eftirfarandi:

|        | <i>Stærð í lítrum</i> | <i>Tæmingargjald kr.</i> |
|--------|-----------------------|--------------------------|
| Rotþró | 0-2.000               | 35.000                   |
| "      | 2.001-4.000           | 41.000                   |
| "      | 4.001-6.000           | 45.800                   |

Innheimta skal tæmingargjald eftir að tæming hefur farið fram.

Gjald fyrir sérstaka þjónustu: Tæmingargjald fyrir rotþró sem er stærri en 6.001 l skal vera 5.500 kr./m<sup>3</sup> fyrir hverja losun.

Fjárhæð tæmingargjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 m, en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega 5.600 kr. á hverja losun. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða fullt tæmingargjald auk aukagjalds sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

#### 4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Skagafjarðar 14. desember 2022 og staðfestist hér með, samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, einkum 15. gr. og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 146/2022 Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

*Sauðárkróki, 19. desember 2022.*

**Sigfús I. Sigfússon** sveitarstjóri.